

Fundur 25.9.2023 Hallgrímur Magnússon lækni.

Góða kvöldið og komið þið allir blessaðir og sælir.

*Já góða kvöldið og blessaður.*

Gaman að hafa samband við ykkur og hef ég oft staðið á lengdar og tekið þátt í störfum á þessum hnetti og hef ég oft tekið þátt í því að magna ykkur og aðra og höfum við svo að segja notað sérstakar aðferðir til að ná upp orkunni á sem bestan hátt.

Og leyfist mér nú loksins að tala við ykkur og finnst mér eins og,

einhver öfl að trufla hér í kvöld, við reynum að komast í gegnum það.

Mig hefur mikið langað að tala við ykkur og verð að koma síðar ef ekki tekst að hafa þetta langt samtal, vil ég endilega nefna mig.

Og segja frá því að ég hef staðið hér nálægt á fundum og magnað ykkur og lært aðferðirnar til að efla ykkur á gömlu jörðinni.

*Já takk fyrir það, takk fyrir það.*

Ég sinnti nú þessu fagi á gömlu jörðinni og geri enn, vil endilega segja nafn mitt, já ég er orkumikill, ég verð víst að koma síðar ef ég get ekki sagt almennilega deili á mér.

*Ekki ert þú Hafsteinn?*

Hafsteinn nei, ég er, nei það losnaði um orkuna nú nýlega þegar maður talaði sem fór á sama tíma og ég, þá opnaðist gátt fyrir mig til að koma í gegn, ég kannast við, ég hef tengsl hér við fólk í salnum, nafn mitt er Hallgrímur Magnússon lækni.

*Já velkominn, blessaður.*

*Hallgrímur, vertu velkominn.*

Já, takk fyrir, takk fyrir.

*Þú varst nú ekki alveg inn á þessari línu, þegar þú varst hér á jörðinni.*

Nei.

*En ég kom til þín í magnesíum nokkrum sinnum og það var mjög gott.*

Já, ég hef getað gert gagn, hjálpað þér eitthvað.

*Já já.*

Gott að heyra það. Ég var, nei ég var ekki alveg inn á þessari línu, en í framlífi hef ég algerlega farið inn á þessa línu og,

*Meðan ég man, má ég ekki Hallgrímur biðja þig að skila kveðju til hans Markúsar Jensen, þú kannast nú við hann.*

Já, já og takk fyrir það, ég skal koma því til skila og kannast hér við fleiri Íslendinga, en ég ætlaði að segja frá því hvernig orkan, jákvæð hugsun skiptir miklu máli, heildstæðar lækningar og já hér er gott að vera.

En ég get ekki talað mikið að sinni, en ég vil skila kveðju frá Guðlaugi, frá Gulla vini þínum.

*Já Bergmann.*

Já, og,

*Er ekki allt gott að fréttu af sonarsyni hans sem er kominn yfir?*

Já, tókum vel á móti honum og efnis piltur.

*Ég er að reyna að fá þau á fund hjónin, Danna og Hafdís, Hafdís á nú eftir að koma seinna.*

Já það kemur að því.

Já ég er hér öflugur í framlífi en næ ekki alveg að koma mér í gegn núna, það kemur, það er, en það væri ánægjulegt ef þið bara segðuð frá því að ég er hér í góðu yfirlæti og kem svo við tækifæri aftur.

*Endilega.*

Já ég er hér allur í líforkufræðinni núna og ætlaði að segja ykkur frá því hvernig fólk er hér hætt að neyta kjöts að mestu og sumir lifa næstum á loftinu og grænmeti og það kemur að því síðar.

Ánægjulegt að heyra í ykkur og vonandi að ég þarf að koma þegar fundur er nýbyrjaður og þeir stilla vel inn á orkuna.

Það er, takk fyrir mig og ég held áfram að styrkja ykkur og sendi bestu kveðjur, verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir að koma og vertu sæll.*